



26/08/2024

Matslisti - Fagbréf

Ljóstækni

Tilgangur listans er að meta þekkingu og færni út frá viðmiðum starfsins.

Listinn er sjálfsmatslisti og notaður til stuðnings í matssamtali.

Nafn	
Kennitala	
Starf	

Kjarni starfs

Tilgangur starfsins er að setja upp og taka niður ljósabúnað á öruggan hátt til að veita þá lýsingu sem krafist er við hvers konar viðburði. Grunnkunnáttá á rafstraumi og rík öryggisvitund er mikilvæg.

Öll uppsetning ljósabúnaðar skal uppfylla öryggiskröfur og þarfir verkefnis, vera í samræmi við óskir verkkaupa og ljósaönnuðar. Þekking á virkni búnaðar og færni til að leysa úr algengum og minniháttar bilunum búnaðar. Bilanagreining og viðhald ljósabúnaðar getur verið nauðsynleg ásamt þekkingu á öryggisstöðlum (kröfum) til að valda ekki slysum á fólki eða skemmdum á búnaði. Þekking á verkferlum við óhöpp eða slys. Reynsla af og geta til að lesa úr teikningum, geta sótt upplýsingar úr handbókum og leggja mat á rafmagns- og dreifikerfi.

Þekkja virkni helstu tækja í netsamskiptum, hug- og vélbúnað sem þörf er á í stýringu ljósabúnaðar. Ýmist er unnið í teymi eða sjálfstætt. Reyndur ljóstæknir verkstýrir teymi ljóstækna í stærri verkefnum og leiðbeinir nýliðum. Starfið krefst mikilla samskipta og samvinnu við hönnuði, samstarfsfólk og verkkaupa. Mikilvægt að geta unnið á skilvirkan hátt undir álagi.

Ýmist er unnið innan eða utanhúss, vinnuaðstæður geta verið mjög mismunandi, jafnvel krefjandi og áhættusamar. Kostur að geta unnið við fjölbjóðleg verkefni.

Annað: Staðall IST200: 2020 eins og við á fyrir ljóstækni.

Viðfangsefni starfsins

Undirbúningur / skipulagning	Undirbúningur á viðburðarsvæði fyrir viðburð	Framkvæmd á viðburði	Frágangur / annað eftir viðburð
<ul style="list-style-type: none"> • gera gátlista fyrir búnað viðburðar • lesa úr teikningum og öðrum gögnum frá hönnuði eða verkefnastjóra • kanna aðgang að rafmagni á verkstað • panta eða sækja búnað af lager • kanna aðstæður á verkstað 	<ul style="list-style-type: none"> • gæta öryggis við uppsetningu • uppsetning búnaðar í samræmi við teikningu • stilla ljósabúnað og fókusera (stilla brennivídd) ljós • tengja ljós, rafmagn og stýrimerki • fylgja skipulagi um rafmagnsdreifingu og strengþörf • setja upp og tengja annan viðeigandi búnað • almennt viðhald og þrif á búnaði • kanna virkni búnaðar fyrir viðburð • merkja kapla • ganga snyrtilega frá snúrum og köplum fyrir viðburð • setja upp ratlýsingu þar sem við á • aðstoða ljósaönnuð og forritara 	<ul style="list-style-type: none"> • stjórna ljósaborði • stjórnun á eltiljósi • vöktun á búnaði • bregðast við bilunum á búnaði 	<ul style="list-style-type: none"> • ganga frá búnaði og merkja ef við á • skrá vistun upplýsinga með tilliti til enduruppsetningar • samskipti og endurmat

Starfið er á þrepi 3, samkvæmt hæfniramma um íslenska menntun, þó einstaka hæfnipættir séu á öðrum þrepum.

Leiðbeiningar fyrir þátttakanda:

Nú er komið að sjálfsmati út frá hæfnikröfum starfsins. Gott er að horfa til fyrri reynslu, færni úr námi, starfi og einkalífi.

Að loknu sjálfsmati fer matsaðili yfir sjálfsmatslistann og fer fram samtal þar sem mat á færni á sér stað.

Niðurstöður samtalsins geta verið að:

1. Öllum hæfniviðmiðum starfsins er náð og færnin er staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins.
2. Ekki öllum hæfniviðmiðum starfsins náð og fer þá fram starfsþjálfun til að uppfylla þau. Að því loknu er færnin staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins.



Matsviðmið

Notaðu lýsingarnar hér að neðan til að meta þekkingu þína og færni í hverjum og einum hæfnipætti. Leitaðu til fagaðila ef eitthvað er óskýrt.

- 1 - Lítil þekking og færni og/eða getur útfært einfalda verkþætti.
- 2 - Nokkur þekking og færni og/eða getur starfað við fyrirfram gefin verkefni.
- 3 - Góð þekking og færni og/eða vinnur vel og sýnir sjálfstæð vinnubrögð.
- 4 - Mikil þekking og færni og/eða hefur mjög góða fagkunnáttu.

Matslisti – ljóstækni	Lítil 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Útfyllist af matsaðila	
					Lokið	Þarfnast þjálfunar
Undirbúningur og skipulagning						
Ég þekki og hef skilning á:						
– lestri teikninga og annara gagna frá hönnuði eða verkefnastjóra						
– mikilvægi þess að meta aðstæður og aðgang að rafmagni á verkstað						
– öryggisstöðlum til að koma í veg fyrir slys á fólki eða skemmdum á búnaði						
– að skoða hvert verk vel, sjá heildarmyndina og lokamarkmiðið						
Ég get:						
– gert gátlista fyrir búnað viðburðar						
– lesið úr teikningum og öðrum gögnum frá hönnuði eða verkefnastjóra						
– kannað aðgang að rafmagni á verkstað						
– pantað eða sótt búnað af lager						
– metið og skoðað aðstæður á verkstað						
– fylgt verkferlum við óhöpp eða slys						
– unnið með öðrum						
– forgangsraðað verkefnum						

Matslisti – ljóstækni					Útfyllist af matsaðila	
Undirbúningur á viðburðarsvæði fyrir viðburð	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– öryggi við uppsetningu búnaðar						
– uppsetningu búnaðar í samræmi við teikningu						
– stillingu ljósabúnaðar og fókusera ljós (stilla brennivídd)						
– tengingu ljósa, rafmagns og stýrimerkjum						
– viðhaldi búnaðar						
– að kanna virkni búnaðar fyrir viðburð						
– merkingu kapla						
– mikilvægi frágangs á snúrum og köplum						
– rafstraumi						
Ég get:						
– gætt öryggis við uppsetningu						
– fylgt skipulagi um rafmagnsdreifingu og strengþörf						
– stillt ljósabúnað og fókuserað ljós (stillt brennivídd)						
– tengt ljós, rafmagn og stýrimerki						
– fylgt skipulagi um rafmagnsdreifingu og strengþörf						
– sett upp og tengt annan viðeigandi búnað						
– sinnt almennu viðhaldi og þrifum á búnaði						
– merkt kapla						
– gengið snyrtilega frá snúrum og köplum fyrir viðburð						
– sett upp ratlýsingu þar sem við á						
– aðstoðað ljósa hönnuð og forritara						

Matslisti – ljóstækni					Útfyllist af matsaðila	
Framkvæmd á viðburði	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– stjórnun ljósaborðs						
– stjórnun á eltiljósi						
– vöktun á búnaði						
– að bregðast við bilunum á búnaði						
– mikilvægi góðra samskipta						
Ég get:						
– stjórnað ljósborði og eltiljósi						
– vaktað búnað						
– brugðist við bilunum á búnaði						
– unnið með öðrum						
– unnið lausnamiðað						
– unnið undir álagi						

Matslisti – ljóstækni					Útfyllist af matsaðila	
Frágangi / annað eftir viðburði	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– skráningu og vistun upplýsinga með tilliti til enduruppsetningar						
– samskiptum og endurmati						
Ég get:						
– gengið frá búnaði og merkt hann ef þarf						
– skráð vistun upplýsinga með tilliti til enduruppsetningar						
– haft góð samskipti og endurmetið						

Hér staðfestir þú með undirskrift þinni, að skráðar upplýsingar séu réttar. Ef til vill getur þú fengið yfirmann þinn eða annan umsagnaraðila til að lesa yfir möppuna, veita endurgjöf og staðfesta upplýsingarnar.

Staður:	Dagsetning:	Undirskrift þátttakanda:
Staður:	Dagsetning:	Undirskrift umsagnaraðila:
Staður:	Dagsetning:	Undirskrift umsagnaraðila: